

EFTIRLITSSKÝRSLA

Laxar Fiskeldi ehf. Reyðarfjörður



Dags eftirlits	31.12.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Laxar Fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Akralind 2	Tegund eftirlits	Annað
Kennitala	450220-1400	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Ingimarsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerð er umsýsluskýrsla eftirlits þar sem ekki var farið í vettvangsheimsókn árið 2020. Þrjú ný frávik komu fram við eftirlitið er varðar gagnaskil en engar ábendingar eru gerðar.

Í eftirliti 2019 var skráð frávik frá gr. 3.3 í starfsleyfi er varðaði skil ársyfirlits vegna ársins 2018. Gögnin bárust 10.6.20 og telst frávikinu því lokið.

UMFANG EFTIRLITS

Ekki var farið í vettvangsheimsókn á árinu 2020.

Farið var yfir gögn og vöktunarskýrslur v. ársins 2019.

Einnig átti eftirlitsaðili í samskiptum við rekstraraðila vegna tengiliða starfstöðvar við stofnunina m.t.t. mengunarvarnaeftirlits, sem og vegna vöktunaráætlunar, sbr. ábendingu seinustu eftirlitsskýrslu dags. 26.9.19.

Í þeirri skýrslu var rekstraraðila bent á að endurskoða þyrfti vöktunaráætlun og fjallað um að hagræði gæti verið af því að vera með sameiginlega vöktunaráætlun fyrir bæði starfsleyfi rekstraraðila í Reyðarfirði. Því var fylgt eftir af hálfu rekstraraðila með erindi 25. janúar sl. sem varðar að vöktunaráætlun, sem hefur áður verið samþykkt m.t.t. vöktunar á eldisstaðsetningum rekstraraðila í utanverðum Reyðarfirði, yrði einnig látin gilda í þeirri vöktun sem snýr að innri eldisvæðum fjarðarins.

Olfuóhapp varð á eldisstaðsetningu rekstraraðila við Sigmundarhús í byrjun árs 2020.

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit, grænt bókhald og útstreymisbókhald og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Ársyfirlit og vöktunarskýrsla vegna ársins 2019 barst ekki fyrr en 10.júní sl. en grænt bókhald og útstreymisbókhald þann 11. júní sl.

Þar sem um itrekuð frávik er að ræða seinustu ár var rætt við rekstraraðila um hvernig hann hygðist koma í veg fyrir að slíkt endurtæki sig. Rekstraraðili fullvissaði eftirlitsaðila um að vegna breytinga á reglum varðandi grænt bókhald yrði gögnunum yrði framvegis skilað á réttum tíma. Að sögn rekstraraðila hafi gögnin verið tilbúin á réttum tíma en skil hafi dregist þar sem erfitt hafi reynst að fá endurskoðanda í verkið. Grænu bókhaldi og ársyfirliti v. ársins 2020 var skilað 19. mars sl. Athygli rekstraraðila er vakin á því að enn á eftir að skila útstreymisbókhaldi v. ársins 2020.

Frávik frá	Lýsing á frávikum
gr. 3.3 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksárs. Ársyfirlit vegna ársins 2019 barst 10.6.20. Frávikinu telst lokið.
gr. 3.4 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal skila grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Grænt bókhald ársins 2019 barst 11.6.20. Frávikinu telst lokið.
gr. 3.4 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal skila útstreymisbókhaldi fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Útstreymisbókhald ársins 2019 barst 11.6.20. Frávikinu telst lokið.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar eru gerðar.

ANNAÐ

Áhættumat er varðar tíðni eftirlita var kynnt fyrir rekstraraðila í byrjun árs 2020. Niðurstaða áhættumatsins gaf ekki tilefni til reglubundins eftirlits á árinu 2020, en þar sem um var að ræða talsverða umsýslu er þessi skýrsla gefin út vegna ársins.

Reglubundið eftirlit er áætlað á árinu 2021 á grundvelli áður nefnds áhættumats.

Í byrjun árs 2021 sökk fóðurprammi við Gripalda í óveðri. Pramminn liggur enn í sjónum.

Skv. upplýsingum frá hafnaryfirvöldum í Fjarðabyggð dags. 9. mars sl., var olíu dælt af prammanum 7. mars sl. Fóður er enn í sílóum á prammanum. Því verður fylgt eftir í eftirliti ársins 2021 hverjar aðgerðir rekstraraðila verða vegna þessa en áætlað er að ná prammanum upp þegar aðstæður leyfa.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.03.2021



Hulda Soffía Jónasdóttir

